

Fæðuval breiðfirskra æðarfugla (*Somateria mollissima*) af fjöru og klapparbotni á vormánuðum 2007-2010

*Þórður Örn Kristjánsson, Háskóli Íslands
Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Snæfellsnes
Jörundur Svavarsson, Háskóli Íslands

Breiðafjörður er kjörsvæði fyrir um 200.000 æðarfugla sem halda til á firðinum allt árið. Vorin 2007-2010 söfnuðust 197 æðarfuglar úr grásleppunetum á 2-20 metra dýpi á fæðusvæðum fuglanna, dagana 13 maí-23 júlí. Alls fundust 35 tegundir dýra af 27 ættkvíslum (*genera*) úr sarpi og fóarni (karlfuglar = 110, kvenfuglar = 87). Botngerð svæðisins flokkast sem klapparbotn þar sem stórgert grjót og klappir eru á stærstum hluta þess. Fjórar algengustu tegundirnar þegar öll ár voru tekin saman reyndust vera flekkunökki (*Tonicella marmorea*, fannst í 58% allra fugla), beitukóngur (*Buccinum undatum*, 40%), trjónukrabbí (*Hyas arenarius*, 39%) og þarastrútur (*Lacuna vincta/diavaricata*, 35%). Kræklingur (*Mytilis edulis*), sem yfirleitt er mikilvægasta fæða æðarfugla, fannst einungis í 23% fuglanna og oftast en ekki í mjög litlu magni. Þegar fæðan var flokkuð í hópa (class) kom fram að æðarfuglarnir sóttu langmest í snigla (*gastropoda*, 87%). Krabbadýr (*Crustacea*) fundust í 43% fugla en skeljar (*Bivalvia*) aðeins í 26%. Skrápdýr (*Echinoderma*) fundust í 8% fugla. Þessar niðurstöður eru á skjön við aðrar rannsóknir á fæðu æðarfugla þar sem skeljar og þá aðallega kræklingur hafa verið meginuppistaða í fæðuvali. Við sáum einnig að æðarfuglar sóttu í einn fæðuhóp hverju sinni, stakir fuglar voru ýmist fullir af nökkvum, sniglum, krabbadýrum eða skeljum en sjaldan með blöndu þessara hópa. Árlegur munur milli fæðuhópa var lítil.